

Forsætisnefnd

Frá: Helga Björk Laxdal
Sent: þriðjudagur, 6. apríl 2021 15:03
Til: Pawel Bartoszek; Sabine Leskopf; Eypór Laxdal Arnalds; Alexandra Briem; Sanna Magdalena Mörtudóttir; Vigdís Hauksdóttir; Elín Oddný Sigurðardóttir; Kolbrún Baldursdóttir; Kristín Soffía Jónsdóttir; Marta Guðjónsdóttir
Afrit: Forsætisnefnd
Efni: Gagnsjá - notendaviðtöl við kjörna fulltrúa - berist forsætisnefnd
Mikilvægi: Mikið

Heil og sæl.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 12. desember 2019 var samþykkt að hefja undirbúning að verkefninu Gagnsjá sem miðar að því að auka gagnsæi í stjórnsýslu borgarinnar.

Verkefnið er nú á því stigi að framundan eru notendaviðtöl til að afmarka verkefnið og greina þarfir notenda. Kjörnir fulltrúar eru skilgreindir sem einn notendahópur og því er óskað eftir að öll stjórnmalasamtök sem eiga sæti í borgarstjórn tilnefni einn fulltrúa til að taka þátt í einstaklingsviðtali (notendarannsókn) við fulltrúa teymisins. Gert er ráð fyrir u.þ.b. 45 mínútna löngu viðtali og þarf það að fara fram á næstu 1-2 vikum. Gætt verður að persónuverndarsjónarmiðum og trúnaði varðandi úrvinnslu þess sem fram kemur í viðtali.

Erindið er sent fulltrúum og áheyrnarfulltrúum viðkomandi flokka í forsætisnefnd og er óskað eftir að þið sendið mér ykkar tilnefningar sem allra fyrst svo unnt verði að boða til viðtalanna. Erindið verður jafnframt lagt fram ásamt tilnefningum á næsta fundi forsætisnefndar.

Kv.
HBL

Helga Björk Laxdal.
Skrifstofustjóri borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík
sími: 411-4700
tölvupóstfang: helga.laxdal@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.